



LANDLÆKNISEMBÆTTIÐ  
DIRECTORATE OF HEALTH

**Hagnýtar upplýsingar og tillögur um notkun sjálfvirkra  
hjartastuðstækja á Íslandi**

# **AED**

## **HJARTASTUÐTÆKI**



**Tekið saman af Endurlífgunarráði,  
yfirfarið og samþykkt af landlækni.**

**Maí 2008  
Endurskoðað september 2011**

## Endurlífgunarráð landlæknis mælir með því að notkun sjálfvirkra hjartastuðstækja utan sjúkrahúsa sé leyfð á Íslandi.

### Almennt um hjartastuðstæki

Sjálfvirk hjartastuðstæki eru einföld í notkun og flest tækin gefa notendum munnlegar leiðbeiningar á íslensku en auk þess eru á þeim góðar skýringamyndir. Sjálfvirkt hjartastuðstæki getur greint alvarlegar hjartsláttartruflanir með talsverðri nákvæmni. Tækið er tengt við brjóstkaða sjúklings með álímdum rafskautum. Það gefur rafstuð ef um hættulegan sleglahraðtakt er að ræða eða gefur fyrirmæli um að ýtt verði á þar til gerðan stuðhapp. Hjartastuðstæki má nota ef vitni eru að hjartastoppi, skyndilegu meðvitundarleysi eða ef komið er að einstaklingi sem er meðvitundarlaus og slíkt tæki er innan seilingar. Það skal tekið skýrt fram að litlar líkur eru á að valda skaða með notkun þeirra.

### Staðsetning tækjanna

Endurlífgunarráð telur eðlilegt að sjálfvirk hjartastuðstæki séu tiltæk t.d. á sjúkrastofnunum þar sem læknir er ekki til taks allan sólarhringinn. Einnig í lögreglubifreiðum, í byggðarlögum þar sem útkallstími sjúkrabifreiða er langur sem og á fjölmönnum vinnustöðum og íþróttahúsum utan þéttbýlis, í skipum og flugvélum. Æskilegt er að ekki taki meira en 5 mínútur að nálgast hjartastuðstæki ef þörf er á tækinu.

### Notendur

Öllum er heimilt að nota sjálfvirk hjartastuðstæki. Endurlífgunarráð mælir þó eindregið með því að allir þeir sem festa kaup á sjálfvirku hjartastuðstæki eða gætu þurft að nota slíkt tæki í starfi sínu fari á námskeið í notkun þeirra. Endurlífgunarráð telur hinsvegar ekki ástæðu til að takmarka notkun tækjanna við þá sem farið hafa á námskeið þar sem notkun þeirra getur bjargað mannlífum undir vissum kringumstæðum.

### Ábyrgð notenda

Sá sem notar sjálfvirkt hjartastuðstæki gerir það á eigin ábyrgð. Mikilvægt er að fylgja leiðbeiningum framleiðanda.

### Kennsla og þjálfun

Endurlífgunarráð hvetur alla þá sem kaupa eða gætu þurft að nota sjálfvirk hjartastuðstæki til að sækja námskeið í endurlífgun þar sem notkun slíkra tækja er kennd. Endurmenntun er svo æskileg á a.m.k. tveggja ára fresti.

### Eftirlit með tækjum og viðhald

Eigendur hjartastuðstækja eru sjálfir ábyrgir fyrir eftirliti og viðhaldi tækjanna. Tækin verða ávallt að vera tilbúin til notkunar og

nauðsynlegur fylgibúnaður tiltækur. Sérstaklega er nauðsynlegt að fylgjast með líftíma rafhlaðna sem þarf að endurnýja reglulega.

### **Skráning**

Endurlífgunarráð mælir eindregið með því að eigendur sjálfvirkra hjartastuðstækja skrái tækin sín hjá Neyðarlínu, í síma 112, og gefa upp nákvæma staðsetningu og hvar hægt er að nálgast þau í neyð.

### **Tilkynning um notkun**

Heilbrigðisstarfsfólki og eigendum sjálfvirkra hjartastuðstækja ber að tilkynna Neyðarlínunni um notkun þeirra í síma 112 og láta vita hvort tækið er aftur tilbúið til notkunar.

### **Tilmæli til innflytjenda og söluaðila**

Innflytjendur hjartastuðstækja eru hvattir til að fylgja tilmælum Endurlífgunarráðs um að tækjunum fylgi ítarlegar notkunarleiðbeiningar á íslensku og að töluð fyrirmæli tækisins séu á íslensku. Hjartastuðstækjum ætti auk þess að fylgja myndband um notkun tækisins með íslensku tali eða texta. Æskilegt er að tækjunum fylgi sá útbúnaður sem nauðsynlegur er þegar nota þarf tæki. Fyrirmæli framleiðenda um viðhald tækja og möguleiki á endurforritun eiga að fylgja tækjunum. Seljendum er skylt að eiga á lager varahluti og nauðsynlegan viðbótarbúnað hjartastuðstækja sem seld eru hjá þeim.

Landlæknir

---